

Líf og list án landamæra - Sýnileiki, réttindi og þátttaka

Mánudaginn 28. september verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík ráðstefnan Líf og list án landamæra: Sýnileiki, réttindi og þátttaka. Ráðstefnan er skipulögð á vegum þeirra samtaka sem standa að baki hinnar árlegu menningarhátíðar List án landamæra. Hún er haldin í samráði við Norrænu nefndina um málefni fólks með fötlun og menntamálaráðuneyti með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðstefnan er hluti af dagskrá formennskuáætlunar Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009 og mun menntamálaráðherra opna ráðstefnuna formlega.

Á ráðstefnunni verður meðal annars fjallað um sýnileika fólks

með fötlun í fjölmiðlum og menningu í norrænum löndum, mikilvægi 30. greinar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun (Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi), og gildi Listar án landamæra og annarrar menningarstarfsemi sem fyrirmynd fyrir grasrótahreyfingar og þátttöku fólks með fötlun í listum og menningarstarfi, sem hægt væri að nýta svæðisbundið eða á landsvísi í öðrum norrænum löndum.

Yfir 100 þátttakendur eru skráðir á ráðstefnuna, m.a. fulltrúar frá öðrum Norðurlöndum. Ráðstefnan er öllum opin en nauðsynlegt er að skrá þátttöku. Frekari upplýsingar um dagskrána og skráningu er að finna á [vef ráðstefnunnar](#).

Evrópski tungumáladagurinn - Bringing us Closer

Hátíðardagskrá og ráðstefna 25. – 26. september

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og FEKÍ, Félag enskukennara á Íslandi, efna til hátíðardagskrár í tilefni af evrópska tungumáladeginum. Dagskráin hefst föstudaginn 25. september með ávarpi menntamálaráðherra og afhendingu European Label verðlaunanna. Laugardaginn 26. september verður haldin ráðstefna um aðferðir og nýbreytni í tungumálakennslu undir yfirskriftinni Bringing us Closer. FEKÍ fagnar einnig 40 ára afmæli félagsins.

Lykilfyrirlesari ráðstefnunnar Bringing us Closer er Leni Dam sem er vel þekkt fyrir rannsóknir sínar og starf á sviði einstaklingsmiðaðs tungumálanáms. Auk fyrirlestursins verður Dam með vinnustofu fyrir ráðstefnugesti. Að því loknu verður boðið upp á fjölbreyttar málstofur um nýbreytni og rannsóknir á sviði tungumálakennslu. Skráning og nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á [www.vigdis.hi.is](#). Ráðstefnan er haldin á Hótel Sögu.

Menntamálaráðuneytið og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins standa að afhendingu European Label verðlaunanna sem veitt eru fyrir nýbreytni á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu. Með viðurkenningunni er reynt að hvetja til og beina athygli að frumlegum og árangursríkum verkefnum í kennslu og námi erlendra tungumála.



Frá kálfsskinni til tölvu - ráðstefna um tungumál lítilla málsvæða 2.-3. október

Norræn ráðstefna um tungumál lítilla málsvæða, norræn samskipti, þýðingar og táknað verður haldin Reykholti í Borgarfirði 2. – 3. október nk.. Ráðstefnan sem ber yfirskriftina Frá kálfsskinni til tölvu er hluti af formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu Ráðherranefndinni 2009.

Skráning fer fram á [www.sprog.is](#)

Starfstími í framhaldsskólum 2008-2009

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur um starfstíma í framhaldsskólum. Þar kemur meðal annars fram að samanlagður fjöldi kennsludaga og prófadaga nemenda í framhaldsskólum skólaárið 2008-2009 var á bilinu 164 til 185 eftir skólum, en að meðaltali 174,7. Það er svo til óbreyttur fjöldi daga frá fyrra skólaári. Þetta kemur fram í upplýsingum frá framhaldsskólunum til Hagstofu Íslands.

Kennsludagar skiptast í reglulega kennsludaga og aðra kennsludaga. Reglulegir kennsludagar voru frá 142 til 179 eftir skólum og stafar munurinn af mismunandi skipulagi skólustarfsins. Meðalfjöldi reglulegra kennsludaga var 147,4 sem er fækkun um 0,2 daga frá fyrra skólaári. Reglulegir kennsludagar voru að meðaltali 2,5 fleiri á vorönn en á haustönn. Að auki voru aðrir kennsludagar 2,2 að meðaltali.

Dagar sem einungis var varið til prófa og námsmats voru frá 8 til 30 að tölu, með einni undantekningu. Flestir skólar eru með ákveðinn prófatíma en í öðrum skólum fara próf fram á kennsludögum. Að meðaltali var 25 dögum varið til prófa og námsmats sem er óbreyttur fjöldi frá síðastliðnu skólaári. Nánar á [www.hagstofa.is](#)

KREANORD

NORDIC CREATIVE ECONOMY

Norrænt samstarf um skapandi atvinnugreinar - KreaNord

Listsköpun er í ríkara mæli að verða undirstaða verðmætasköpunar í atvinnulífinu og á alþjóðavettvangi er kastljósinu beint að þessum geira. Um miðjan september kom t.d. út í Svíþjóð verkefnaáætlun um eflingu skapandi atvinnugreina.

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar var á síðasta ári hrundið úr vör norræna samstarfsverkefninu KreaNord sem er ætlað að fjalla um stöðu skapandi atvinnugreina á Norðurlöndum og hvernig hægt er að efla framgang þeirra á alþjóðavettvangi. Að verkefninu standa sameiginlega menningarmálaráðherrar og iðnaðarráðherrar Norðurlanda.

Á vegum KreaNord eru þegar í gangi fjögur verkefni:

- Úttekt á frumkvöðlafræðslu í listnámi á háskólastigi á Norðurlöndum;
- Kortlagning á stuðningsaðgerðum („kuvøsvirksomhed“);
- Markaðssetning á norrænum tölvuleikjum á Asíumarkaði;
- Kynningarverkefni um skapandi greinar á Norðurlöndunum til notkunar á alþjóðlegum ráðstefnum.

Sér til fulltingis hefur KreaNord breiðan hóp aðila sem vinna á þessum vettvangi.

Nánari upplýsingar á [www.kreanord.org](#)

